



KFUM
KFUK

FRÉTTABRÉF

2. TÖLUBLAÐ 2022





Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, kom í heimsókn til okkar í KFUM og KFUK fimmtudaginn 6. október sl. og átti góðan fund með fulltrúum úr stjórn félagsins og stjórnnum starfsstöðva. Ráðherra fékk kynningu á félaginu, umfangi þess, áherslum og áskorunum. Kom það ráðherra á óvart hve umfangsmikið, fjölbreytt og vandað starf er unnið undir merkjum KFUM og KFUK.

TRÚ EÐA STAÐREYND

Fyrir á árinu steig þingmaður í ræðustól Alþingis og fullyrti að Guð væri ekki til. Hann gekk út frá því sem staðreynd. Það er bratt af manni í hans stöðu, því hann getur hvorki sannað fullyrðingu sína né stutt hana með haldbærum rökum.



Tómas Torfason,
framkvæmdastjóri
KFUM og KFUK
á Íslandi

Ef hægt væri að sanna að Guð væri til eða að Guð væri ekki til, þá væri það ekki lengur TRÚ heldur staðreynd. Þá værum við búin að leysa lífsgátuna og þyrftum ekkert að ræða það frekar.

„Trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.“ stendur í Hebreabréfinu, einu af ritum Nýja testamentisins.

Trú er s.s. það sem þú veist og hefur sannfæringu fyrir, en getur hvorki sannað né afsannað. Ef þú telur að Guð sé til, er það byggt á trú. Ef þú telur að hann sé ekki til er það einnig byggt á trú.

Þar sem trúin er trú, en ekki staðreynd, felur hún í sér reglulega glímu við efann. Efinn fylgir trúnni, líkt og skugginn fylgir ljósinu. Án ljóss er enginn skuggi og án trúar er enginn efi.

Að efast er eðlilegt. Mér finnst hins vegar dapurt þegar fólk leyfir efanum að sigra vonina með þeim krafti að hugmyndin um guðleysi umbreytist í trúarsannfæringu.

Sjálfur hef ég ekki fundið tilefni til að hætta að trúa á tilvist Guðs. Trúin hefur fylgt mér frá barnsaldri í gegnum ólík tímabil í lífi mínu. Ég hef leitast við að rækja hana svo að hún sé efanum yfirsterkari.

Sá Guð sem ég trúi á boðar kærleikann með Jesú Kristi. Orðin kærleikur, náð, fyrirgefning, ljós og mannvirðing fylgja þeirri kristnu trú sem ég þekki.

Í boðskap Jesú Krists finnum við hvatningu um að elska náungann, sýna miskunnsemi, kunna að fyrirgefa og hugsa vel um þá sem minna mega sín. Þar er líka að finna hvatningu til að lifa í sátt við sköpunina, í sátt við samfélagið og í sátt við sjálfan sig.

Ég trúi því að boðskapur Jesú Krists sé hollur einstaklingum og að það geri gott fyrir samfélög manna að leyfa þeim lífsgildum sem hann boðar að vera þar ríkjandi.

Óháð því hvar við staðasetjum okkur sjálf á hitamæli trúar og efa er erfitt að horfa fram hjá því að heilbrigð og víðsýn kristinn trú gerir samfélaginu miklu meira gagn heldur en ógagn.

Þingmaðurinn má mín vegna alveg trúa því að Guð sé ekki til. En það má setja spurningarmerki við að maður í hans stöðu tali fyrir guðleysi. Því hvorki hefur hann, né nokkur annar, sýnt fram á að guðleysi færi einstaklingum von eða geri samfélaginu gagn.

VILTU LEGGJA STARFI KFUM OG KFUK LIÐ?

Hægt er að leggja félaginu lið með ýmsum hætti. Þú getur haft samband með því að senda póst á skrifstofa@kfum.is og við finnum verkefni sem þarf að vinna og hentar þér. Einnig má leggja fjármálunum lið með því að leggja inn á viðeigandi reikning hér að neðan.

KFUM og KFUK á Íslandi

kt. 690169-0889

Rekstrarsjóður 525-26-678899

Vatnaskógur kt. 521182-0169

Rekstrarsjóður 11-26-10616

Nýbygging 117-05-189120

Kapellusjóður 101-05-192975

Vindáshlíð kt. 590379-0429

Rekstrarsjóður 515-26-163800

Ölver kt. 420369-6119

Rekstrarsjóður 552-26-422

Sveinúsóður 701-05-302000

Hólavatn kt. 510178-1659

Rekstrarsjóður 565-26-30525

Kaldársel kt. 480883-0209

Rekstrarsjóður 545-26-9111

Framkvæmdasjóður 515-14-404800

KFUM og KFUK á Suðurnesjum

kt. 650681-0379

Rekstrarsjóður 121-26-3385

KFUM og KFUK á Akureyri

kt. 690169-3049

Rekstrarsjóður 302-26-50031

Leikskóli KFUM og KFUK

kt. 590176-0369

Rekstrarsjóður 525-26-3734



FRÉTTABRÉF KFUM OG KFUK 2. tbl. 2022.

Útgefandi: KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28, 104 Reykjavík. Sími 588 8899.

Ábyrgðamaður: Tómas Torfason. Prentun: Svansprent. Ljósmyndir í blaðinu eru flestar teknar af starfsfólki og félagsfólki KFUM og KFUK.

Félagið þakkar þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg við útgáfu þessa blaðs.



3.075 BÖRN

Í SUMARBÚÐUM KFUM OG KFUK SUMARIÐ 2022

Alls tóku 3.075 börn og unglingar þátt í hefðbundnu sumarbúðastarfi KFUM og KFUK sumarið 2022. Með hefðbundnu sumarbúðastarfi er átt við 5–7 daga dvalarflokka og námskeið fyrir börn og unglinga, en þar fyrir utan eru á vegum sumarbúða félagsins margskonar viðburðir.

Fjöldinn deildist eftir niður á sumarbúðir:

Vatnaskógur: 1.116 þátttakendur
Vindáshlíð: 957 þátttakendur
Ölver: 480 þátttakendur
Kaldársel: 340 þátttakendur
Hólavatn: 182 þátttakendur

Þetta er samsvarandi fjöldi og árið 2021, enda er erfitt að fjölga börnum þegar fullbókað er í næstum alla flokka.

Eina merkjanlega niðursveiflan var á Hólavatni fyrir norðan, en það á sér skýringar í að fella þurfti niður tvo dvalarflokka vegna skorts á starfsfólki.

Meðalaldur barna í sumarbúðum KFUM og KFUK hefur hækkað síðustu ár. Dvalarflokkar fyrir 12–14 ára eru vinsælir og með þeim fyrstu að fyllast. Þá er það nýtt að biðlistar myndist við unglingaflokka.



Súluritið hér að ofan sýnir þátttökutölur í hefðbundnum dvalarflokkum sumarbúða KFUM og KFUK síðstu sex sumur. Þar eru ekki talin með önnur verkefni í sumarstarfi, t.d. feðga-, mæðgna- eða feðginaflokkar, Sæludagar, né heldur leikjanámskeið félagsins.

TVEIR NÝIR STARFSMENN

Í ágúst sl. steig Hreinn Pálsson inn í starf verkefnastjóra æskulýðsstarfs félagsins og leysir þar með Unni Ýr Kristinsdóttur af á meðan hún er í barneignaleyfi. Hreinn er mörgu félagsfólki kunnur. Hann hefur starfað sem forstöðumaður í Vatnaskógi síðustu sumur, verið í stjórn Jól í skókassa-verkefnisins og verið einn af okkar fremstu æskulýðsleiðtogum í vetrarstarfi félagsins.

Þann 1. September 2022 gekk Helga Sóley Björnsdóttir til liðs við starfsteymi Vindáshlíðar, í 50% stöðu verkefnastjóra, tímabundið til áramóta. Helga

Sóley hefur starfað í sumarstarfinu í Vindáshlíð undanfarin ár en næstu mánuði mun hún einbeita sér að fjáröflunum, styrktarumsóknum og nýjum tækifærum fyrir nýtingu á staðnum.



Hreinn Pálsson



Helga Sóley Björnsdóttir



LEIKSKÓLINN VINAGARÐUR:

HÚSALEIGUSAMNINGUR UPPFÆRÐUR

Á dögunum undirrituðu Matthildur Bjarnadóttir, formaður stjórnar leikskólans Vinagarðs, og Sigurður Erlingsson, gjaldkeri stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi, nýjan húsaleigusaming milli leikskólans og félagsins.

Leikskólinn Vinagarður er ein af starfsstöðvum KFUM og KFUK og er staðsettur á Holtavegi í húsnæði sem er að fullu í eigu KFUM og KFUK á Íslandi. Þar sem leikskólinn er sér rekstrareining þarf að gera húsaleigusamning. Eldri samningur var frá árinu 2006 og hafði runnið sitt skeið. Vinna við samninginn hafði staðið í nokkurn tíma, enda vildu aðilar skerpa á mörgum þáttum hans og umfram allt skila vönduðum samningi báðum aðilum til heilla.

SJÁLFBODALIÐAR SINNA 91 STÖÐU

Í 16 STJÓRNUM Á VEGUM KFUM OG KFUK

Á hverju ári manna öflugir sjálfbodaliðar 91 stöðu í 16 stjórnnum á vegum KFUM og KFUK. Þá eru þau ótalin sem sinna fjölbættum nefndarstörfum. Stjórnirnar bera ábyrgð á ólíkum starfseiningum og verkefnum. Kynjahlutfall er 52 konur (57%) og 39 karlar (43%). Formennska skiptist jafnt, 8 karlar og 8 konur. Stjórn Ölvers, Basars KFUK og Ljósbrots - kvennakórs KFUK eru eingöngu skipaðar konum. Stjórn Karlakórs KFUM er eina stjórnin sem er eingöngu skipuð körlum. Sex einstaklingar sitja í fleiri en einni stjórn.

Stjórnir innan KFUM og KFUK á starfsárinu 2022–2023 eru þannig skipaðar:



Stefán Jónsson

KFUM og KFUK á Íslandi

Stefán Jónsson, formaður
 Arna Ingólfssdóttir, varaformaður
 Telma Ýr Birgisdóttir, ritari
 Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
 Berglind Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi
 Gunnar M. Sandholt, meðstjórnandi
 Hilmar Jónsson, meðstjórnandi
 Klara Valdís Þórhallsdóttir, meðstjórnandi
 Ástríður Jónsdóttir, varamaður
 Ómar Þorvaldur Kristinsson, varamaður



Brynhildur Bjarnadóttir

KFUM og KFUK Akureyri

Brynhildur Bjarnadóttir, formaður
 Hanna Þóra Guðmundsdóttir, ritari
 Eydis Ösp Eypórsdóttir, gjaldkeri
 Elín Svava Ingvarsdóttir, varamaður
 Gunnar Einar Steingrímsson, varamaður



Guðmundur Örn Jónsson

KFUM og KFUK Vestmannaeyjum

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
 Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
 Gísli Stefánsson, gjaldkeri
 Brynja Rut Halldórsdóttir, meðstjórnandi
 Snorri Rúnarsson, meðstjórnandi



Sigurbjört Kristjánsdóttir

KFUM og KFUK Suðurnes

Sigurbjört Kristjánsdóttir, formaður
 Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, ritari
 Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri
 Erla Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
 Þóra Jenný Benónýsdóttir, varamaður



Matthildur Bjarnadóttir

Vinagarður

leikskóli KFUM og KFUK

Matthildur Bjarnadóttir, formaður
 Birgir Urbancic Ásgeirsson, ritari
 Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri
 Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltr. M&K
 Sigríður Ýr Aradóttir, fulltrúi foreldra
 Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varamaður
 Áslaug Dóra Einarsdóttir, varamaður



Ólafur Sverrisson

Vatnaskógur

Ólafur Sverrisson, formaður
 Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður
 Gunnar Hrafn Sveinsson, ritari
 Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltr. M&K
 Ögmundur Ísak Ögmundsson, vararitari
 Hreinn Pálsson, varagjaldkeri
 Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
 Tinna Dögg Birgisdóttir, varamaður
 Sigurður Grétar Sigurðsson, varamaður



Dagný Dögg Sigurðardóttir

Vindáshlíð

Dagný Dögg Sigurðardóttir, formaður
 Ásgeir Pétursson, varaformaður
 Andrea Anna Arnardóttir, ritari
 Styrmir Magnússon, gjaldkeri
 Alfa Kristjánsdóttir, vararitari og samfél.fulltr.
 Helga Magnúsdóttir, varagjaldk. og styrkjafulltr.
 Elísa Sif Hermannsdóttir, kynningafulltrúi



Erna Björk Harðardóttir

Ölver

Erna Björk Harðardóttir, formaður
 Erla Björg Káradóttir, varaformaður
 Aníta Eir Einarsdóttir, ritari
 Alla Rún Rúnarsdóttir, gjaldkeri
 Hrafnhildur Garðarsdóttir, meðstjórnandi
 Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, vararitari
 Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, varamaður



Sigurður Helgi Pálmason

Kaldársel

Sigurður Helgi Pálmason, formaður
 Jóna Þórdís Eggertsdóttir, ritari
 Sveinn Elliði Björnsson, gjaldkeri
 Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, kynningafulltrúi
 Kristmann J. Ágústsson, meðstjórnandi
 Guðni Nathan Gunnarsson, varamaður
 Davíð Örn Ingason, varamaður



Kynjahlutfall í stjórnnum á vegum KFUM og KFUK er 43% karlar og 57% konur.



Eydis Ösp Eypórsdóttir

Hólavatn

Eydis Ösp Eypórsdóttir, formaður
 Guðmundur Bragason, ritari
 Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, gjaldkeri
 Þórður Daníelsson, meðstjórnandi
 Valborg Rut Geirsdóttir, meðstjórnandi
 Bára Dís Sigmarsdóttir, varamaður
 Davíð Guðmundsson, varamaður



Bára Sigurjónsdóttir

Basar KFUK

Bára Sigurjónsdóttir, formaður
 Berglind Ósk Einarsdóttir, ritari
 Anna Elísa Gunnarsdóttir, gjaldkeri
 Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, meðstjórnandi



Björgvin Þórðarson

Jól í skókassa

Björgvin Þórðarson, formaður
 Hreinn Pálsson, ritari
 Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
 Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi
 Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi



Páll Skaftason

Karlakór KFUM

Páll Skaftason, formaður
 Stefán Sandholt, ritari
 Sigurjón Gunnarsson, gjaldkeri



Herdís Ástráðsdóttir

Ljósbrott - kvennakór KFUK

Herdís Ástráðsdóttir, formaður
 Alfa Kristjánsdóttir, ritari
 Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri



Pétur Ásgeirsson

Sportfélag KFUM og KFUK

Pétur Ásgeirsson, formaður
 Anna Magnúsdóttir, ritari
 Guðrún Nína Petersen, gjaldkeri



Helgi Gíslason

Vinasetrið Kaldárseli

Helgi Gíslason, formaður
 Arnór Heiðarson
 Guðni Nathan Gunnarsson
 Jóna Þórdís Eggertsdóttir


STEFÁN JÓNSSON ER NÝR FORMAÐUR KFUM OG KFUK

Ýmsar breytingar hafa átt sér stað hjá KFUM og KFUK á síðustu mánuðum; áhrif heimsfaraldursins á starf félagsins eru hverfandi, framkvæmdir eru hafnar á nýjum matskála í Vatnaskógi og síðast en ekki síst hefur nýr formaður tekið við stýrinu í stjórn KFUM og KFUK.

Nýi formaðurinn er Stefán Jónsson, 63 ára Keflvíkingur, lærður sagnfræðingur og á sér langan feril að baki í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum. Stefán hefur lengi lifað og hræst í „flugvallabransanum“, eins og hann kallar það sjálfur. Hann hefur starfað hjá Ísavia síðustu 12 árin, síðustu misserin sem forstöðumaður skipulagsdeildar. Að auki hefur Stefán sinnt ýmsum félagsstörfum og hefur hann til að mynda setið í sóknarnefnd Keflavíkurkirkju í tæplega 10 ár. Stefán er giftur Guðrúnu Hákonardóttur. Börn þeirra eru Rakel Lárusdóttir og Hákon Stefánsson og barnabörn þeirra eru þrjú. Stefán kynnist ungur KFUM og KFUK og hafði félagið mikil áhrif á hans uppvaxtarár. Hann byrjaði 10 ára gamall að sækja fundi Skógarmanna í Keflavík og við 12 ára aldurinn fór hann í sinn fyrsta dvalarflokk í Vatnaskógi. Á sínum unglingsárum var Stefán mjög virkur í starfi félagsins í hinum ýmsu verkefnum, vann meðal annars í byggingarvinnu í Vatnaskógi 17 ára gamall, auk þess sem hann starfaði sem foringi í sumarbúðunum 21 árs gamall. „Ég valdi Vatnaskóg fram yfir fótbolta þegar þetta tvennt fór að rekast á,“ segir Stefán um uppvaxtarárin, og bætir því við að hvernig KFUM og KFUK tekur á móti ungu fólki, hlúir að því og byggir það upp, hafi átt stóran þátt í að hann valdi Vatnaskóg fram yfir knattspyrnuna.

Stefán endurnýjaði svo kynni sín við félagið um fimmtugt, þegar hann sótti vinnuflokk í Vatnaskógi og tók þar þátt í að byggja Birkiskála. Þaðan var hann fenginn til að taka við sæti í fjármálaráði KFUM og KFUK, og skömmu síðar var hann hvattur til þess að bjóða sig fram til stjórnarkjörs í félaginu, sem hann og gerði. Þar hefur reynsla hans í fjármálum og rekstri komið sér vel í hans stjórnarsetu, en Stefán var varaformaður í þrjú ár áður en hann tók við af Sólveigu Reynisdóttur sem formaður KFUM og KFUK sl. vor. Stefán segist spenntur fyrir því að takast á við ný verkefni og víst er að bakgrunnur hans í stjórnsýslu og rekstri muni koma sér vel, þegar kemur að ýmsum áskorunum KFUM og KFUK, sem lúta til að mynda að húsnaðismálum félagsins. Þá segist Stefán vilja beita sér fyrir því að styrkja félagsheildina og styðja vel við stjórnir sumarbúðanna. Að auki segir hann mikilvægt að stjórn KFUM og KFUK styðji við rekstrargrundvöll ólíkra eininga innan félagsins.

„KFUM og KFUK er magnaður félagsskapur – hvernig félagið elur upp kynslóðirnar og einstaklinga sem svo skila sér út í samfélagið sem afburða fólk,“ segir Stefán að lokum.





VARTNASKÓGUR:

FJÖLMENNUR UNGLINGAFLOKKUR

90 unglingar á aldrinum 14-17 ára lögðu leið sína í Unglingaflokk í Vatnaskógi, sem haldinn var dagana 2.-7. ágúst. Mikill meirihluti þátttakenda hafði áður komið í Skóginn og ljóst að mikið fjör var í vændum með hóflega langri næturhvíld fyrir starfsfólk og unglinga, góðum mat og spennandi dagskrá.

Að frátöldum hefðbundnum dagskrárliðum í flokkum í Vatnaskógi, líkt og smíðaverkstæði og listasmiðja, leiktæki í íþróttahúsi, knattspyrna, frjálssar íþróttir, kvöldvökur og almennt fjör á Eyrarvatni, var eitt og annað í boði fyrir hópinn.



Meðal annars var boðið upp á búblu-bolta á íþróttavellinum, þar sem keppendur klæddust stórum boltum og ætlunin var að spila knattleik. En eins og oft vill verða var mesta sportið að hlaupa aðra leikmenn niður, og skipti þá engu hvort um sam- eða mótherja var að ræða. Knötturinn var því að mestu látinn í friði á meðan prakkarastrik réðu för og hlátrasköll heyrðust allt í kring.

Skemmtigarðurinn kom í heimsókn með Lazertag úti í skógi sem svalaði eflaust þörf þeirra sem höfðu lengi verið frá leikjatólvunni heima. Eftir eina af okkar skemmtilegu kvöldvökum, komu rútur og sóttu hópinn, en ferðinni var heitið í sund í Hreppslaug í Borgarfirði. Þar var spriklað og leikið sér í lauginni, slakað á og spjallað í pottinum og dádést að fallegu sólsetri sem setti svip sinn á hina fallegu, íslensku náttúru sem við fengum að njóta það kvöldið. En hvað er kvöldisund án miðnætursnarls? Þegar við komum til baka var myrkið skolið á og er rúturnar opnuðust ilmaði Skógurinn af sjóðandi heitum pylsum sem biðu sársvangra ferðalanga. Stundum þarf ekki meira til að gleðja.

Boðið var upp á fjallgöngu á Kambinn, sem er beint á móti Vatnaskógi og var góður hópur vaskra göngugarpa sem nýttu sér tækifærið. Flóttinn úr Vatnaskógi var leikinn seint að kvöldi til þar sem markmiðið var að flýja Vatnaskóg og komast hjá því að vera gripinn af gæslusveitinni ógurlegu. Þá má ekki gleyma að minnast á Vatnaskógar

Olympics Leikana eða VOL, en þeir hafa verið haldnir nú í nokkur ár í Unglingaflokki og má segja að þeir séu komnir á hillu með öðrum góðum hefðum í Vatnaskógi. Markmið þeirra er að þétta hópinn saman og gefa þátttakendum færi á að efla frekar vináttubönd og kynnast nýju fólki. Hópnum var skipt í nokkur lið sem keppta við hvert annað í ýmsum þrautum og safna stigum. Dodgeball, greina texta við þekkt lög í gegnum Google Translate og reipitog voru á meðal þrauta í leikunum í ár. Ber þó helst að nefna lokaþrautina sem sló rækilega í gegn, en það var dragkeppnin. Þá var einn meðlimur í hverju liði klæddur upp, málaður í bak og fyrir og afraksturinn sýndur á stóra sviðinu í Gamla skála fyrir framan þátttakendum og dómnefnd sem skipuð var virtum gagnrýnendum sem dæmdu liðin eftir stíl, förðun og að sjálfsögðu göngulaginu.

Við í Vatnaskógi erum stolt af geta boðið upp á flokka líkt og þennan. Unglingarnir eru jafn ólíkir og þeir eru margir og það eru forréttindi að fá að vinna með æsku landsins og hafa jákvæð áhrif, fræða unglingana um gildi kristinnar trúar, en umfram allt, skapa góðar minningar af dvöl þeirra í Vatnaskógi, sem munu vonandi fylgja þessum Skógarmönnum út lífið.

Áfram að markinu!

Gunnar Hrafn Sveinsson tók saman



KARITAS HALLA (16 ÁRA)

Ég kom fyrst í flokk í Vatnaskóg þegar ég var 13 ára árið 2019 og hef komið einu sinni á ári í flokk síðan þá. Mér finnst sjúklega gaman og líflegt í Unglingaflokk í Vatnaskógi. Eitthvað sem ég dýrka við Unglingaflokk er hvað það verður mikil vinátta í hópnum og hvað það eru skapaðar margar góðar minningar á þessari stuttu viku. Eitthvað sem ég mun alltaf muna eftir er þegar borðið mitt vann „Vatnaskógar Olympics“, og þegar ég ætlaði að fara út á bát með vinum mínum en endaði á því að detta ofan í vatnið. Ég býð spennt eftir því að fara í Unglingaflokk í Vatnaskóg á hverju sumri.



EYDÍS ÓSK (16 ÁRA)

Ég hef farið 9 sinnum í Vatnaskóg en reyndar bara tvisvar í flokk. Mér fannst æðislega gaman í Unglingaflokki í bæði skiptin sem ég hef farið og ég ætla sko aftur á næsta ári þar sem þá er síðasta árið mitt! Ég á marga ótrúlega góða og nána vini sem ég kynntist í gegnum Unglingaflokk í Vatnaskógi og ég mun alltaf vera þakklát fyrir það!



ÞORGEIR (15 ÁRA)

Ég hef farið í 7 dvalarflokka og 8 feðgaflokka, samtals 15 flokka í Vatnaskóg og unglingaflokkurinn er einn sá skemmtilegasti sem ég hef sótt í Vatnaskógi. Félagsskapurinn góður, við gerðum spennandi hluti og það var meira í boði en í öðrum flokkum. Það er alltaf gott að komast úr bænum, afslöppuð stemning og nóg að gera í Vatnaskógi. Gaman að fara með vinum en líka gaman að kynnst nýjum og skemmtilegum krökkum.



GUÐJÓN DANÍEL (16 ÁRA)

Ég hef farið í 2 dvalarflokka í Vatnaskóg og í bæði skiptin í Unglingaflokk. Flokkurinn í ár fannst mér vera virkilega skemmtilegur. Til dæmis þá var alltaf eitthvað við hæfi fyrir alla að gera, hvort sem það var að fara út á báta eða í fótbolta. En einnig voru líka stærri dagskrárliðir eins og Svínadalsdeildin í fótbolta og „Vatnaskógar Olympics“ sem voru einnig æðislega skemmtilegir. Það sem mér fannst skemmtilegast voru hins vegar tveir hlutir, annars vegar leikurinn „Escape Vatnaskógur“ sem er leikur þar sem við þátttakendurnir reynum að flýja Vatnaskóg með því að leysa ýmis konar þrautir og hins vegar var það allt frábæra fólkið sem ég kynntist.





Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna að nýjum matskála í Vatnaskógi 17. ágúst sl.

VATNASKÓGUR:

HAFIST HANDA VIÐ NÝJAN MATSKÁLA

Það var stór stund í Vatnaskógi 17. ágúst sl. þegar Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna að nýjum matskála, að viðstöddu fjölmenni. Í framhaldi flutti frú Agnes Siguðardóttir biskup Íslands blessun og bæn fyrir framkvæmdinni.

Meðal gesta voru þingmennirnir Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Haraldur Benediktsson, Bjarni Jónsson og Vilhjálmur Árnason, en ríkissjóður hefur styrkt verkefnið um 60 milljónir, sem gefur svigrúm til þess að í ýta því úr vör. Þá tóku rúmlega 100 drengir, sem voru dvalargestir á staðnum, þátt í athöfninni.

Nýr matskáli verður 433 fm að stærð. Kostnaðar-áætlun hljómar upp á rúmar 200 milljónir. Guðmundur Gunnlaugsson hjá Archús er arkitekt hússins. Í Vatnaskógi er gott eldhús og matsalur einn mikilvægasti þátturinn í starfsaðstöðunni. Núverandi matskáli er kominn til ára sinna og uppfyllir ekki nútíma kröfur.



Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri Vatnaskógar stýrði athöfninni og flutti ávarp.



Ólafur Sverrisson formaður Skógarmanna tilbúinn með skófluna.



Ásmundur Einar Daðason gaf sér tíma til að heilsa upp á strákana sem voru í dvalarflokki í Vatnaskógi.



Við þetta tilefni var þremur mönnum fært gullmerki Skógarmanna: Sigvalda Björgvinssyni, Gunnari J. Gunnarssyni og Sigurbjörni Þorkelssyni.



Ekki liðu margir dagar þar til hafist var handa, svæðið grisjað og byrjað að grafa fyrir húsinu.



Formenn Skógarmanna frá 1984: Ólafur Sverrisson, Ársæll Aðalbergsson, Einar Hilmarsson og Hans Gíslason.

60 UNGMENN Í LEIÐTOGAÞJÁLFUN KFUM OG KFUK

Helgina 30. september – 2. október sl. fór leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fram í Vatnaskógi. Haldin voru þrjú aðskilin námskeið: Leiðtogaþjálfun 1 fyrir þau sem voru að stíga sín fyrstu skref í þjálfuninni, leiðtogaþjálfun 3 fyrir þau sem byrjuðu fyrir ári síðan og leiðtogaþjálfun 4 fyrir þau sem ekki náðu að klára það námskeið vorið 2022 vegna Covid-takmarkana.

60 efnileg ungmenni mættu á námskeiðin og var þar stúfult af fræðslu og skemmtun. Farið var yfir ýmis atriði sem tengjast því að starfa með börnum og unglingum, m.a. samskipti

og siðareglur, framkomu, viðburðastjórnun, ræðumennsku, hvernig við flytjum hugleiðingu og hvernig búa á til dagskrár og fundarefni. Kennarar á námskeiðinu voru: Sr. Jón Ómar Gunnarsson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hreinn Pálsson, Arnar Ragnarsson, Tinna Hermannsdóttir, Sr. Pétur Ragnhildarson, Tómas Torfason og Hjördís Rós Jónsdóttir.

Verkefnastjóri leiðtogaþjálfunarinnar er Hjördís Rós Jónsdóttir. Næsta leiðtogahelgi verður 20.-22. janúar 2023.





Í sumar hafa útveggir á suðurgafli á gamla skálanum í Vindáshlíð verið endurnýjaðir.

VINDÁSHLÍÐ:

MIKLAR FRAMKVÆMDIR STANDA YFIR

Gríðarmiklar framkvæmdir standa nú yfir í Vindáshlíð. Vegna rakaskemmda hófst vinna við að endurbyggja útveggina á austurhlíð gamla skálans á vormánuðum. Kom þá í ljós að skemmdirnar ná víðar og er því vinna hafin við að endurbyggja framhlið skálans. Í kjölfar þess verður þak skálans lagað. Áhersla verður lögð á að þessar framkvæmdir breyti ekki sýn Vindáshlíðar. Miklar framkvæmdir hafa einnig átt sér stað í kirkjunni okkar síðasta árið, og er nú búið að skipta út þeim gluggum sem þurfti, laga ljós og dytta að öðrum hlutum. Næst á dagskrá er að mála kirkjuna. Því til viðbótar er stöðugt unnið að því að laga til útisvæðið og nýta umhverfið betur. Þá er á dagskrá að lagfæra íþróttahúsið og bæta aðstöðuna þar.

www.kfum.is



VINDÁSHLÍÐ:

GÓÐUR KVENNAFLOKKUR

Dagana 2.–4. september söfnuðust tæplega 50 konur saman í Vindáshlíð og nutu helgarinnar saman í Kvennaflokka ársins, sem bar yfirskriftina „Vertu trú – Vindáshlíð í 75 ár“. Í tilefni þess að í ár eru 75 ár síðan fyrst var gisti í Vindáshlíð, þá í tjöldum, var ákveðið að miða flokkinn að sögunni og var mikið rætt um fortíð og framtíð starfsins. Í Kvennaflokk safnast iðulega saman konur sem hafa byggt upp starfið í Vindáshlíð í gegnum árin og dýrmætt er að safna sögum þeirra og reynslu.

Veðrið var upp á sitt besta alla helgina og sólarinnar var notið með góðri útiveru þar sem farið var í klassíska göngu, að Pokafossi og Brúðarslæðu. Dekrað var við þátttakendur í mat, og mikið var hlegið við öll tækifæri.

Sportfélag KFUM og KFUK stóð einnig fyrir göngu á undan, þar sem sjö konur hófu helgina á því að ganga frá Fossá í Hvalfirði yfir Reynivallaháls og í Vindáshlíð.

Virkilega vel heppnuð helgi í alla staði.





Veðrið lék við gesti.

VINDÁSHLÍÐ:

KAFFISALA Á 75 ÁRA AFMÆLISÁRI

Á þungbúnum sunnudegi í maí árið 1947 lagði hópur stúlkna á vegum KFUK af stað í Vindáshlíð í Kjós, til að kanna þar aðstæður fyrir unglingaflokk sem þær höfðu í hyggju að halda síðar um sumarið. Ekki bara heilluðust þær af staðnum, heldur var ljóst að þarna andaði Guðs blær. Þetta sumar héldu

stúlkur í dvöl í Vindáshlíð í fyrsta skipti, og hafa haldið þangað á hverju sumri alla tíð síðan. Í tilefni þessa var hin árlega kaffisala með glæsilegast, móti þetta árið, þar sem 75 ára afmæli Vindáshlíðar var fagnað með stæl. Hundruðir manna lögðu leið sína í Hlíðina fríðu sunnudaginn

22.maí og nutu þar staðarins, glæsilegra veitinga og fjölbreyttrar dagskrár. Deginum lauk svo með glæsilegum tónleikum kórsins Ljósbrots, þar sem sungin voru gömul og góð Vindáshlíðarlög í nýjum búning.



Starfsfólk Vindáshlíðar brá sér út í sólina.



Veðrið lék við gesti.



Kynslóðirnar komu saman í Vindáshlíð.



Hlíðarmeyjar framtíðarinnar.



Allt til reiðu.



Góður hópur af fólki sótti Vindáshlíð heim.



SÆLUDAGAR HALDNIR Á NÝ EFTIR TVEGGJA ÁRA HLÉ

Mikil stemning var um verslunarmannahelgina, þegar fjölskylduhátíðin Sæludagar í Vatnaskógi voru haldnir á ný, eftir tveggja ára hlé (vegna Covid).

Fjöldi fólks kom saman og naut fjölbreyttrar dagskrár þar sem eitthvað var að finna fyrir alla aldurshópa. Margs konar fræðslustundir, útidagskrá og íþróttir, kvöldvökur voru í boði fyrir gesti og að sjálfsögðu var hæfileikasyning barnanna og guðsþjónustan á sínum stað. Sérstök unglingadagskrá var vel sótt og vinsæl. Meðal gesta á Sæludögum voru Sígga og Grétar úr Stjórninni sem tróðu upp á kvöldvöku og Eyþór Ingi sem jafnframt steig á svið.

Við leyfum myndunum að tala sínu máli.







Nýir félagar ásamt Stefáni Jónssyni formanni og Örnur Ingólfssdóttur varaformanni..

HÁTÍÐAR- OG INNTÖKUFUNDUR:

FJÖLMENN OG SKEMMTILEG VEISLA

Mikil gleði var á hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK sem haldinn var 7. október sl. Um 140 manns á öllum aldri mættu á fundinn þar sem nýjum félögum var fagnað.

Á árum áður var eingöngu hægt að ganga í félagið á árlegum inntökufundi. Í seinni tíð hefur verið hægt að ganga í félagið allt árið um kring, en haldið hefur verið í þann góða sið að hafa sérstakan hátíðarfund til að fagna nýjum félögum.

Frá síðasta hátíðar- og inntökufundi höfðu 28 manns bæst í hóp fullgildra félaga. Af þeim mættu 11 á fundinn og fengu skírteini og blóm úr hendi Stefáns Jónssonar formanns og Örnur Ingólfssdóttur

varaformanns við hátíðlega athöfn.

Það setti hátíðarbrag á fundinn þegar formaður veitti þremur félögum gullmerki KFUM og KFUK, sem getið er sérstaklega hér á opnunni.

Fjöldi fólks tók þátt í fundinum. Ásgeir Páll Ágústsson og Regína Ósk Óskarsdóttir skemmtu gestum. Gunnar Hrafn Sveinsson var veislustjóri, Guðni Már Harðarson flutti hugvekju, Jakob Freyr Einarsson annaðist undirleik og Ísak Jón Einarsson var tæknimaður. Undirbúningsnefnd skipuðu Telma Ýr Birgisdóttir, Elín Hrund Garðarsdóttir, Hreinn Pálsson og Tómas Torfason.



Þorgils Hlynur Þorbergsson og Grímur Pétursson.



Anna Elísabet Gestsdóttir og Sigurður Grétar Sigurðsson.



Helga Siguðardóttir, Hallbjörn Þórarinnsson og Betsy Halldórsson.



Signý Náð Guðnadóttir, Ásdís Björnsdóttir og Guðni Már Harðarson.



Ingibjörg Leifsdóttir, Gerður Bolladóttir, Þórunn Helga Þorkelsdóttir, Aðalheiður H. Sighvatsdóttir, María Jónsdóttir, Gyða Rut Arnmundsdóttir og Sessela Kristinsdóttir.



Unga fólkið sem flest genkk í félagið fyrir ári, lét sig ekki vanta.



Sverrir Hákon Marteinsson, Jakob Freyr Einarsson og Greipur Þ. Gíslason.



Sigurður Pétursson og Snorri Waage.



Ragnheiður Sverrisdóttir, Alfa Kristjánsdóttir og Lilja Jakobsdóttir.



Helga Magnúsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir.



Ásgeir Páll Ágústsson og Regína Ósk Óskarsdóttir skemmtu gestum.



Stefán Jónsson, formaður KFUM og KFUK ásamt þeim Maríu Sighvatsdóttur, Guðmundi Inga Leifssyni og Björgvini Þórðarsyni.

ÞRÍR FÉLAGAR SÆMDIR GULLMERKI KFUM OG KFUK

Á hátíðarfundinum 7. október sl. var þremur félögum veitt Gullmerki KFUM og KFUK. Þetta er í fyrsta sinn sem merkið er veitt samkvæmt reglum sem samþykktar voru fyrir nokkrum árum og finna má á heimasíðu félagsins.

Í erndi sem Stefán Jónsson, formaður KFUM og KFUK flutti við athöfnina, kom m.a. eftirfarandi fram:


Björgvin Þórðarson hóf verkefnið Jól í skókassa og hefur verið í forystu og forsvari fyrir það verkefni í 19 ár. Jól í skókassa hefur skerpt á þjónustuhlutverki KFUM og KFUK gagnvart þeim sem minna mega sín og aukið sýnileika félagsins. Á milli 4 og 5 þúsund kassar safnast árlega. Þeir eru sendir til KFUM í Úkraínu sem deilir þeim til fátækra og þurfandi barna þar í landi.

Guðmundur Ingi Leifsson er faðir Karlakórs KFUM sem starfað hefur í 13 ár. Hann vann að undirbúningi, kallaði til menn og ýtti verkefninu úr vör. Hann leiddi starfið fyrstu misserin þangað til kórinn fékk formlega stjórn. Karlakórinn hefur skapað öflugt samfélag félagsmanna og gefið mönnum tilefni til að endurnýja kynni sín við félagið.

María Sighvatsdóttir tók við leikskóla KFUM og KFUK fyrir um aldarfjórðungi. Leikskólinn stóð þá á brauðfótum. Undir hennar forystu var vörn snúið í sókn. Þegar María lét af störfum sem leikskólastjóri fyrir rúmu ári síðan, var Vinagarður glæsilegur 95 barna vel rekinn leikskóli með afskaplega gott orðspor.

Vinagarður er kristlegur leikskóli sem kemur mjög vel út úr gæðakönnunum. Hann hefur verið eftirsóttur vinnustaður og starfsmannavelta er einstaklega lág.

Öll eiga þau sameiginlegt að hafa ýtt úr vör, fylgt eftir og leitt umbreytingu innan félagsins, hvert á sínu sviði. Fyrir þá forgöngu vill stjórn félagsins þakka með veitingu Gullmerkis KFUM og KFUK.



AFMÆLISRIT VATNASKÓGAR

„HÉR Á ÉG HEIMA“ VATNASKÓGUR Í 100 ÁR

Á næsta ári verða 100 ár liðin frá því að fyrsti hópurinn á vegum KFUM kom í Vatnaskóg. Af því tilefni hyggjast Skógarmenn KFUM gefa út afmælisrit þar sem saga starfsins í Vatnaskógi verður rekin í máli og myndum. Ritið mun koma út vorið 2023.

Gefst öllum þeim sem áhuga hafa kostur á að kaupa ritið fyrirfram og fá nöfn sín skráð á sérstaka heillaóskaskrá - Tabula gratulatoria - sem birt verður í ritinu. Það er hægt með því að kaupa bókina á sölusíðunni www.klik.is og fá ritið síðan afhent í vor.

Afmælisritið hefur fengið titilinn „Hér á ég heima“ - Vatnaskógur í 100 ár. Lögð verður áhersla á að það sé vandað og veglegt. Það verður á milli 200 og 250 blaðsíður í stóru broti með mikið af ljósmyndum bæði frá fyrri tíð og einnig nýlegar myndir.



Veðrið lék við gesti þann 21. ágúst sl.



Stjórnarkonur Ölvers: Erla Björg Káradóttir, Aníta Eir Einarsdóttir og Erna Björk Harðardóttir.



Fulltrúar komandi kynslóðar létu ekki sitt eftir liggja.

270 MANNS KOMU Á KAFFISÖLU ÖLVERS

Veðrið lék við gesti, þegar um 270 manns lögðu leið sína í Ölver er sumarbúðirnar voru með opið hús og kaffisölu þann 21. ágúst sl. Auk velunnara sumarbúðanna komu mörg af dvalarbörnum sumarsins með foreldrum sínum. Í baklandi Ölvers er fjöldi fólks sem hjálpar til, styður við og biður

fyrir starfinu. Sú bakvarðasveit er dýrmæt fyrir starf sumarbúðanna.

Tveggja ára hlé varð á kaffisölu Ölvers vegna samkomutakmarkana og var það því einkum ánægjulegt hve vel tókst til í ár.

EFTIRPRENTANIR AF MYND HULDU HÖYDAHL

SELDAR TIL STYRKAR VINDÁSHLÍÐ

Vindáshlíð er nú með í sölu endurprent af málverki sem hefur hangið í Hlíðinni í mörg ár. Málverkið er ekki merkt, en er talið vera eftir Huldu Höydaahl, sem var einn af forsökrum Vindáshlíðar og dygg stuðningskona við starfið fram á sinn síðasta dag. Hulda málaði margar myndir af Vindáshlíð og þykir myndin sem hér um ræðir vera í hennar anda, þó að hún sé ekki merkt. Myndin hefur nú verið

endurprentuð í þremur stærðum og er til sölu til styrktar útisvæði sem stendur til að byggja upp í Vindáshlíð. Mun rjóðrið kallast Huldurjóður, til heiðurs Huldu. Hægt er að styrkja söfnunina með því að kaupa myndina á Holtavegi 28 eða í gegnum samfélagsmiðla Vindáshlíðar. Verð á mynd er 5.000 krónur fyrir A4, 7.000 krónur fyrir A3, og 10.000 krónur fyrir A2.





Góður hópur fór í ferðina á Hornstrandir og gisti hann í Hornbjargsvita.

SPORTFÉLAG KFUM OG KFUK: FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Sportfélag KFUM og KFUK hefur staðið fyrir fjölbreyttri útivist á síðustu mánuðum. Meðal dagsferða má nefna ferð á Akrafjall, ferð á Stóra Sandfell og ferð á Sköflung á Hellisheiði. Þá var gengið frá Grjóteyri yfir Hafnarfjall og endað á kaffisölu í sumarþúðunum Ölveri, einnig gekk góður hópur að Grænahrygg. Nokkrar styttri hjólaferðir hafa verið á dagskrá auk hjólaferðar úr Ölveri yfir í Kaldársel með viðkomu í Vatnaskógi og Vindáshlíð.

Sportfélagið stóð einnig fyrir ferð á Hornstrandir þar sem gisti var í Hornbjargsvita. Þegar þetta er ritað stendur yfir gönguferð á vegum Sportfélagsins á Spáni.

Það er mikil virkni í félaginu og stjórn þess dugleg að skipuleggja ferðir og viðburði. Þau sem vilja kynna sér starfseminna er bent á að finna hópinn á Facebook undir nafninu Sportfélag KFUM og KFUK.



Frá hjólaferð úr Ölveri í Kaldársel með viðkomu í Vatnaskógi og Vindáshlíð.



Yfir 20 manns fóru í ferð að Grænahrygg.



Gengið á Sköflung.



Gengið á Stóra Sandfell á Hellisheiði.



Hjólaferð í Breiðholt og nágrenni.



Fjölmenni var í göngu frá Grjóteyri yfir Hafnarfjall þar sem endað var á kaffisölu í Ölveri.

ÆSKULÝÐSSTARF VETRARINS 2022–2023:

32 DEILDIR Á 14 STÖÐUM

Vetrarstarf KFUM og KFUK fer vel af stað á flestum stöðum. Vel hefur gengið að manna deildirnar með æskulýðsfulltrúum og aðstoðarleiðtogum.

Í ár störfum við í 32 deildum á 14 stöðum. Á öllum þeim stöðum sem hér eru taldir upp eigum við gott samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um æskulýðsstarf.

AKRANES

UD KFUM og KFUK

- Mánudaga kl. 20:00-21:20

Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Svanhildur Reynisdóttir og Thelma Rós Arnardóttir

AKUREYRI

Vinadeild KFUM og KFUK

- Þriðjudaga kl. 14:30-15:30

Leikjafjör KFUM og KFUK

- Miðvikudaga kl. 14:30-15:30

UD KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 20:00-21:30

Tinna Hermannsdóttir svæðisstjóri KFUM og KFUK á Akureyri og Eydis Ösp Eyþórsdóttir fara fyrir starfinu, með þeim eru æskulýðsfulltrúarnir Krístrún Lilja Gísladóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Helena Ósk Hilmarisdóttir ásamt ungleiðtogum.

BREIÐHOLTSKIRKJA

VD KFUM og KFUK

- Miðvikudaga kl. 16:00-17:30

LD Leikjafjör KFUM og KFUK

- Miðvikudaga kl. 16:00-17:30

UD KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 20:00-21:30

Fyrir starfinu fara sr. Magnús Björn Björnsson, Hreinn Pálsson, Kristján Daði Runólfsson, Helga Vigdís Thordersen, Örnólfur Sveinsson og Bjartur Dalbú Ingibjartsson

GUÐRÍÐARKIRKJA

UD KFUM og KFUK

- Þriðjudaga kl. 20:00 - 21:30

Fyrir starfinu fara Huguína Birta Kristjánsdóttir og Guðmundur Tómas Magnússon ásamt leiðtoganum Ragnheiði Önnu Jónsdóttir



FELLA- OG HÓLAKIRKJA

VD KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 16:00-17:00

LD Leikjafjör KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 17:00-18:00

UD KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 20:00-21:30

Fyrir starfinu fara sr. Pétur Ragnildarson ásamt leiðtoganum Ásthildi Ben Davíðsdóttur, Bjarkey Rúnu Jóhannsdóttur, Dórotheu Örnólfsdóttur og Þórdísi Birtu Jónsdóttur

GRINDAVÍK

Leikjafjör KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 18:00-19:00

UD KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 20:00-21:30

Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Pétur Bjarni Sigurðarson og Ásdís Birta Magnúsdóttir ásamt ungleiðtogum.

HRAFNAÐIL

YD KFUM og KFUK

- Miðvikudögum kl. 14:15 - 15:15

Fyrir starfinu fara Tinna Hermannsdóttir ásamt ungleiðtogum

HVERAGERÐI

YD KFUM og KFUK

- Mánudaga kl. 18:00 -19:00

UD KFUM og KFUK

- Mánudaga kl. 20:00-21:30

Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Jakob Freyr Einarsson og Hálfán Helgi Matthíasson

HVOLSVÖLLUR

YD KFUM og KFUK

- Þriðjudaga kl. 17:00 -18:00

UD KFUM og KFUK

- Þriðjudaga kl. 20:00-21:30

Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Elín Elfa Magnúsdóttir og Kristjana Laufey Adolfsdóttir

INNRI-NJARÐVÍK

VD KFUM og KFUK

- Mánudaga kl. 15:30-16:30

UD KFUM og KFUK

-Þriðjudaga kl.19:30-21:00

Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Halla

Marie Smith og Ásdís Birta Magnúsdóttir

KEFLAVÍK

VD KFUM og KFUK

-Mánudaga kl. 14:30-15:30

YD KFUK

- Miðvikudaga kl. 19:30-20:30

YD KFUM

- Þriðjudaga kl. 17:30-18:30

UD KFUM og KFUK

- Sunnudaga kl. 20:00-21:00

Fyrir starfinu fara Sigurbjört Kristjánsdóttir,

Sveinn Valdimarsson, Brynja Eiríksdóttir,

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir og Ásdís Birta

Magnúsdóttir ásamt leiðtogunum Helgu Vigdís

Thordersen, Thelmu Rut Arnarsdóttur, Ólafi

Jónssyni, Kristni Arnari Ólafssyni og Hildigunni

Kristjánsdóttur.

LANGHOLTSKIRKJA

VD KFUM og KFUK

- Þriðjudaga kl. 15:00-16:00

YD KFUM og KFUK

- Þriðjudaga kl. 16:00-17:00

Fyrir starfinu fer Hreinn Pálsson æskulýðsfulltrúi

og ungleiðtoginn Hera Sjöfn Atladóttir.

LINDAKIRKJA

YD KFUK

- Þriðjudaga kl. 16:30-17:30

YD KFUM

- Þriðjudaga kl. 17:00-18:00

UD KFUM og KFUK 8. Bekkur

-Þriðjudaga kl. 19:00-20:15

UD KFUM og KFUK 9. -10. bekkur

-Þriðjudaga kl. 20:30-22:00

Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Háldán

Helgi Matthíasson, Karen Sól Hilmarsdóttir,

Matthías Davíð Matthíasson, Andrea Rut

Halldórsdóttir, María Rut Arnarsdóttir og

Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir ásamt leiðtogunum

Ragnari Má Halldórsyni og Tómasi Andra

Gíslasyni.

VESTMANNAEYJAR

Opið hús KFUM og KFUK

- Fimmtudaga kl. 20:00

UD KFUM og KFUK

- Sunnudaga kl. 20:00

Fyrir starfinu fer Gísli Stefánsson ásamt

leiðtogum.



ALPJÓÐASTARF:

AÐALFUNDUR YMCA EUROPE

Aðalfundur KFUM í Evrópu (YMCA Europe General Assembly) var haldinn í Árósum Danmörku 1.-3. júlí 2022. Fulltrúar Íslands á fundinum voru þeir Hilmar Jónsson, stjórnarmaður KFUM og KFUK og Tómas Torfason framkvæmdastjóri.

Hefðbundin aðalfundarstörf og stefna hreyfingarinnar til komandi ára eru jafnan umræðuefni á aðalfundum.

Á fundinum lagði Juan Simoes Iglesias, framkvæmdastjóri KFUM í Evrópu, m.a. áherslu á þrjá punkta:

1. Að við erum æskulýðs- og ungmennahreyfing.
2. Að við erum kristileg hreyfing og spurningin: Hvað myndi Jesú gera? mætti vera leiðarljós okkar á flestum sviðum.
3. Við erum frjáls félagasamtök sem kalla á góða og vandaða stjórnarhætti.

Á aðalfundi KFUM í Evrópu voru jafnframt fjölbreyttar vinnustofur m.a. um stafrænt ungmennastarf og hvað felist í sterku KFUM félagi. Viðbrögð KFUM félaga við stríðinu í Úkraínu og aðstoð við fólk á flótta, fékk einnig sitt rými á fundinum.



Tómas Torfason og Hilmar Jónsson voru fulltrúar Íslands á fundinum.



Emma Osmundsen formaður YMCA Europe og Juan Simoes Iglesias framkvæmdastjóri.



Bjarni Gunnarsson, Gunnar
Jóhannes Gunnarsson,
Ingi Bogi Bogason, Hjalti
Gunnlaugsson, Abby Grover
Snook og Halldór Lárusson.



LÖG UNGA FÓLKSINS

Lög unga fólksins í KFUM og KFUK 1968–1980 var yfirskrift tónleika sem haldnir voru 28. apríl sl. í Lindakirkju. Hópur fólks dustaði rykið af hljóðfærunum, rifjaði upp og flutti kristilega popptónlist frá fyrrgreindum árum. Meðal flytjenda voru: Bandið, Kristilega drengjahljómsveitin RUT, Svarti hansinn, Jesúbræður, Sólveig

Óskarsdóttir og Hilmar Baldursson, Saltkorn, Ingi Gunnar & Sigurður Grétar, Elsa Waage og Dagný Bjarnhéðinsdóttir og Laufey Geirlausdóttir. Um 300 manns sóttu tónleikana sem tókust einstaklega vel. Ágóði af miðasölu rann til verkefnisins Jól í skókassa.



Sigurður Grétar Sigurðsson og Ingi Gunnar Jóhannsson.



Elsa Waage og Dagný Bjarnhéðinsdóttir.



Laufey Geirlausdóttir.



Um 300 manns sóttu tónleikana.



Rósa Einarsdóttir ásamt Rósu Einarsdóttur ömmubarni sínu, Gunnar Jóhannes Gunnarsson, Hilmar Baldursson og Margrét Helga Kristjánsdóttir.

AD KFUM OG KFUK

DAGSKRÁ HAUSTSINS 2022

Aðaldeild (AD) KFUM og KFUK heldur sameiginlega vikulega fundi yfir vetrartímann í húsi félaganna að Holtavegi 28, Reykjavík. Fundirnir eru á fimmtudagskvöldum og hefjast kl. 20 nema annað sé tekið fram. Eftir hvern fund er boðið upp á einfaldar veitingar gegn vægu gjaldi. Öll hjartanlega velkomin. AD-nefndina skipa: Arna Ingólfsdóttir, Ársæll Aðalbergsson, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson formaður, Ingi Bogi Bogason og Ólafur Sverrisson.

29. september

INNFRÁSIN Í NORMANDÍ

Rósa Einarsdóttir og Ragnar Baldursson hafa umsjón með efni kvöldsins
Upphafsorð og stjórnun: Ólafur Sverrisson
Hugleiðing: Birna Gerður Jónsdóttir, ljósmóðir
Tónlist og undirleikur: Helga Rut Guðmundsdóttir og Hannes Guðrúnarson

7. október - föstudagur

HÁTÍÐAR- OG INNTÖKUFUNDUR

Hefst kl. 19:00
Umsjón: Stjórn KFUM og KFUK
Auglýst nánar á öðrum stað

13. október

FÓLK Á FLÓTTA - ÞJÓNUSTA KIRKJU OG KRISTILEGRA FÉLAGA

Sr. Kjartan Jónsson segir frá
Upphafsorð: Sólbjörg Linda Reynisdóttir, fjármálastjóri
Stjórnun: Dagný Bjarnhéðinsdóttir
Hugleiðing: Sr. Magnús Björnsson
Undirleikur: Bjarni Gunnarsson

20. október

KRISTSSYTTA BERTELS THORVALDSEN

Sigurður E. Þorvaldsson heldur erindi um efnið
Upphafsorð: Kristín Sverrisdóttir
Stjórnun: Ingi Bogi Bogason
Hugleiðing: Sr. Pálmi Matthíasson
Undirleikur: Guðmundur Karl Einarsson

27. október

SAFNARI AF GUÐS NÁÐ

Gísli Geir Harðarson segir frá brennandi áhugamáli
Upphafsorð og stjórnun: Ársæll Aðalbergsson
Hugleiðing: Sr. Guðni Már Harðarson
Undirleikur: Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson

3. nóvember

HERRAKVÖLD SKÓGARMANNA

Umsjón: Skógarmenn KFUM
Auglýst nánar á öðrum stað

10. nóvember

TÁKNMÁL KIRKJUHÚSSINS

Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson greinir frá dýpri merkingu kirkjubygginga
Upphafsorð og stjórnun: Arna Ingólfsdóttir
Hugleiðing: Sr. Bryndís Malla Elísdóttir
Tónlist: Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson

17. nóvember

LANDNÁM Á ÍSLANDI FYRIR LANDNÁM

Þorvaldur Friðriksson, fornleifafræðingur og fyrrverandi fréttamaður RÚV, segir frá ögrandi tilgátu
Upphafsorð: Dr. Auður Pálsdóttir dósent
Stjórnun: Dr. Gunnar Jóhannes Gunnarsson
Hugleiðing: Magnea Sverrisdóttir, djákni
Undirleikur: Gunnar M. Sandholt

24. nóvember

FALLNIR STOFNAR - STEINAR WAAGE

Kári Geirlaugsson, Dagný Bjarnhéðinsdóttir og Ársæll Aðalbergsson segja frá kynnum sínum af Steinari Waage
Upphafsorð og stjórnun: Kári Geirlaugsson
Hugleiðing: Sr. Gísli Jónsson
Undirleikur: Bjarni Gunnarsson

1. desember

AÐVENTUFUNDUR

Tinna Rós Steinsdóttir hefur umsjón með fundinum
Upphafsorð og stjórnun: Anna Magnúsdóttir og Guðmundur Jóhannsson
Hugleiðing: Sigurbjörn Þorkelsson, rithöfundur
Tónlistaratriði: Kvennakórinn Ljósbrót og Karlakór KFUM
Undirleikur: Keith Reed



SKÓGARMENN KFUM KYNNA
TIL STYRKAR NÝJUM MATSKÁLA Í VATNASKÓGI

HERRA KVÖLD

• SKEMMTIATRÍÐI

SÖNGATRÍÐI - KARLAKÓR KFUM

RÆÐUMAÐUR - GÍSLI EINARSSON

HUGVEKJA - SR. ÓLAFUR JÓHANN BORGÞÓRSSON

VEISLUSTJÓRI - SR. MAGNÚS MAGNÚSSON

3 NÓVEMBER 2022

Á HOLTAVEGI 28

HÚSIÐ OPNAR 18

BORÐHALD HEFST 18:30

8.500

FORSÖLUVERÐ

1.500

HAPPRÆTTISMIÐI

- FORRÉTTUR - FISKIÐRENNNA - AÐALRÉTTUR - KALKÚNABRINGUR MEÐ RÓTARGRÆNMETI OG SÆTKARTÖFLUMÚS -
- EFTIRRÉTTUR - MARENGSHREIÐUR - KOKKUR - HREIÐAR Ö. ZOËGA -

MIÐASALA Á KLIK.IS OG HJÁ SKRIFSTOFU KFUM OG KFUK Í SÍMA 588 8899



JÓLAFLOKKAR Í VINDÁSHLÍÐ

Nú styttest óðum í jólaflokkana í Vindáshlíð sem haldnir verða í nóvember og desember. Þetta er í þriðja sinn sem þeir eru haldnir – og vinsældir þeirra aukast með hverju árinu.

Jólaflokkur I	18.–20. nóv.	fyrir 9–11 ára
Jólaflokkur II	25.–27. nóv.	fyrir 12–14 ára
Jólamæðgnaflokkur	2.–4. des.	fyrir 6–99 ára

Skráning fer fram á www.sumarfjor.is



Jólatónleikar Ljósbrots

Ljósbrott, kvennakór KFUK,
heldur jólatónleika þann 11. desember
kl. 15:00 á Holtavegi 28.
Kórsöngur, kakó og piparkökur.
Hóflegur aðgangseyrir.
Öll hjartanlega velkomin.

26. nóvember

BASAR KFUK

**Hátíðisdagur á Holtavegi
laugardaginn 28. nóvember**

Hinn árlegi basar KFUK verður haldinn í félagshúsi okkar Holtavegi 28, laugardaginn 28. nóvember.

Húsið opnar kl. 14:00.

Basarinn er þekktur fyrir fjölbreytt úrval af fallegum vörum.

Mikið úrval af vönduðu og heimagerðu jólaskrauti og ekki má gleyma girnilegum smákökum og tertum. Kakó, kaffi og vöfflur verða til sölu og því tilvalið að staldra við.

Basar KFUK er mikilvæg fjáröflun fyrir félagið.





JÓL Í SKÓKASSA

LOKASKILADAGUR Í REYKJAVÍK ER LAUGARDAGURINN 12. NÓVEMBER

Verkefnið Jól í skókassa felst í því að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika, með því að gefa þeim jólagjafir. Með þínu framlagi tryggir þú að barn, sem annars fengi ekki jólagjöf, fái gjöf sem færir því gleði, von og hinn raunverulega boðskap jólanna: kærleika Jesú Krists.

Verkefnið byggist á því að fólk útbýr jólagjafir í skókassa og kemur þeim til KFUM og KFUK. Gjafirnar eru sendar til Úkraínu og dreift af KFUM þar í landi. Renna þær til barna á munaðarleysingjaheimilum, barnaspítölum og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt.

Jól í skókassa hefur uppeldislegt gildi fyrir fjölmörg íslensk börn. Augu þeirra eru opnuð fyrir aðstæðum jafnaldranna annars staðar í heiminum og þau læra að gefa.

Hópur sjálfboðaliða innan KFUM og KFUK hefur staðið að verkefninu frá árinu 2004. Fulltrúar KFUM og KFUK fylgja gjöfunum til Úkraínu og sjá til þess að þær rati í réttar hendur.

Tekið er á móti skókössum til 12. nóvember í félagsheimili KFUM og KFUK Holtavegi 28. Nánari upplýsingar er að finna á www.skokassar.net



LOKASKILADAGUR Á LANDSBYGGÐINNI ER LAUGARDAGURINN 7. NÓVEMBER

